

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 140/2014 um meistaranám við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. II. liðar 17. gr. reglnanna:

- a. 2. málsl. orðast svo: Til að innritast í meistaranám í sjúkraþjálfun þarf stúdent að hafa lokið BS-prófi í sjúkraþjálfunarfræðum.
- b. Á eftir 4. málsl. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: Aðgangur nemenda að MS-námi í sjúkraþjálfun er háður sérstökum fjöldatakmörkunum sem háskólaráð samþykkir.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. reglnanna:

- a. 3. og 4. málsl. 2. mgr. II. liðar orðast svo:  
Aðgangur nemenda að MS-námi í sálfræði er háður því að viðeigandi aðstaða og leiðbeinandi sé fyrir hendi. Aðgangur nemenda að cand. psych.-námi í sálfræði og MS-námi í hagnýtri sálfræði er háður sérstökum fjöldatakmörkunum sem háskólaráð samþykkir.
- b. 1. málsl. 1. mgr. III. liðar orðast svo: Nám til prófgráðunnar MS í sálfræði er 120 einingar að loknu BS-prófi.
- c. Á eftir 2. mgr. III. liðar bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Nám til prófgráðunnar MS í hagnýtri sálfræði er 120 einingar að loknu BS-prófi. Námskeið, málstofur, lesnámskeið, starfsþjálfun, þjálfunar- og sérverkefni skulu svara til 60-90 eininga og meistaraverkefni til 30-60 eininga. Þrjú kjörsvið eru við námsleiðina og er skipulag þeirra ólíkt. Stúdentar skulu vera í fullu námi og er námstími tvö ár (fjögur misseri). Skilgreindur hluti námsins getur farið fram að sumri að loknum prófum á öðru námsmisseri. Unnt er að sækja um leyfi deildar til að ljúka námi á lengri tíma en fjórum misserum. Til að útskrifast með prófgráðuna MS í hagnýtri sálfræði þarf vegin meðaleinkunn stúdents í námskeiðum þar sem einkunn er gefin að vera 7,0 eða hærrí.

#### 3. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af læknadeild, sálfræðideild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 11. nóvember 2016.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*